

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 12. júní 2017
UST201706-105/S.A.J.
08.07.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Flæðigryfjur á Grundartanga - frekari útvíkkun


Vísað er til tölvupósts Skipulagstofnunar dags. 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða frekari stækkun á flæðigryfjum Elkem og Norðuráls umfram það er Skipulagsstofnun hafði komist að niðurstöðu þann 23. mars sl. að hefði ekki í för með sé umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Þann 16. desember 2016 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort stækkun á flæðigryfju á Grundartanga sem Elkem og Norðurál nýta samkvæmt starfsleyfum til að losa hluta af framleiðsluúrgangi, hefði umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Framkvæmdin gerði ráð fyrir að flæðigryfjurnar myndu stækka um tæpa 10 þúsund fermetra. Var það mat Umhverfisstofnunar að umrædd stækkun myndi ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sé umfram þau áhrif er fram eru komin og fylgst er með samkvæmt vöktunaáætlun. Eins og fyrr segir komst Skipulagsstofnun að sömu niðurstöðu að fyrirhuguð áform væru ekki líkleg til að hafa í för með sé umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að GMR Endurvinnslan ehf. hefði aðgang að flæðigryfju við hlið flæðigryfja Elkem og Norðuráls. GMR hefur nú hætt starfsemi og kemur ekki til með að nýta umrætt svæði. Óska því Elkem og Norðurál nú eftir að taka yfir svæði það er GMR hafði til umráða. Fyrirtækin hafa haft samband við Faxaflóahafnir sem gera ekki athugasemd við þessa stækkun. Við þetta eykst flatarmál flæðigryfja fyrirtækjanna um 22.470 m² í um 23.600 m² eða um 5%.

Í ljós þess að um minniháttá stækkun er að ræða og með vísan í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar frá 23. janúar sl. telur stofnunin ekki líklegt að umrædd stækkun flæðigryfja á Grundartanga muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.


Kristín S. Jónsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sverrir Áðalsteinn Jónsson
sérfræðingur